

Frumvarp til laga

um byggingarsjóð Landspítala.

Flm.: Steingrímur J. Sigfússon, Svandís Svavarsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir,
Katrín Jakobsdóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir,
Lilja Rafney Magnúsdóttir, Ögmundur Jónasson.

1. gr.

Byggingarsjóður Landspítala er sjálfstæður sjóður í vörslu fjármála- og efnahagsráðuneytis, starfræktur í því skyni að fjármagna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjun húsa-kosts Landspítala, aðalsjúkrahúss landsins og háskólasjúkrahúss.

2. gr.

Hlutverk byggingarsjóðs Landspítala er að taka við og eftir atvikum ávaxta markaðar tekjur samkvæmt lögum þessum. Þá er sjóðnum heimilt að taka við frjálsum framlögum enda séu þau afhent sjóðnum kvaðalaust í þeim tilgangi að renna til uppbyggingar Landspítala. Fjármunum úr sjóðnum skal varið til að endurgreiða ríkissjóði útlagðan stofnkostnað vegna nýbyggingar og meiri háttar endurnýjunar húsakosts Landspítala eftir því sem framkvæmdum vindur fram og fjármunir leyfa.

3. gr.

Tekjur af auðlegðarskatti samkvæmt ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum um tekjuskatt skulu renna til byggingarsjóðs Landspítala.

4. gr.

Dugi fjármunir byggingarsjóðs Landspítala ekki til að endurgreiða ríkissjóði útlagðan stofnkostnað vegna þess að stofnkostnaður hefur tímabundið orðið meiri en vænta mátti þar sem framvinda framkvæmda er hraðari en gert hafði verið ráð fyrir er sjóðnum heimilt að fjármagna endurgreiðslurnar með lántöku. Slíkar lántökur mega þó samtals aldrei nema hærri fjárhæð en $\frac{4}{5}$ hlutum af áætluðum tekjum sjóðsins skv. 3. gr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

6. gr.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á ákvæði til bráðabirgða XXXIII í lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum:

- a. Í stað orðanna „og 2011“ og „og 2013“ í inngangsmálslið kemur: 2011, 2015, 2016, 2017, 2018 og 2019; og: 2013, 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020.
- b. Á eftir a-lið kemur nýr stafliður, svohljóðandi: Við mat á framtalsskyldum fasteignum, sbr. 1. tölul. 73. gr., sem teljast íbúðarhúsnæði til eigin nota manna sem er skylt að

- greiða auðlegðarskatt, skal draga 30.000.000 kr. í tilviki skattskylds einstaklings en 40.000.000 kr. samanlagt í tilviki skattskyldra hjóna frá gildandi fasteignamatsverði. Sé fasteignamatsverð ekki fyrir hendi skal draga fjárhæðina af stofnverði, sbr. 2. mgr. 12. gr., að frádregnum fengnum fyrningum, eða áætluðu fasteignamatsverði sambærilegra eigna, hvort sem hærra er.
- c. Í stað orðanna „og 2013“ í 2. mgr. b-liðar 1. mgr. kemur: 2013, 2016, 2017, 2018, 2019 og 2020.
- d. Fyrri málsliður c-liðar orðast svo: Auðlegðarskattstofn er þær eignir sem eftir verða þegar frá verðmæti eigna skv. 73. gr., sbr. a- og c-lið, hafa verið dregnar fjárhæðir skulda og frímark íbúðarhúsnæðis til eigin nota í samræmi við fyrrnefnd ákvæði a- og c-liðar.
- e. Í stað tilvísunarinnar „h-lið“ í e- og i-lið og „h-liðar“ í g-lið kemur, í viðeigandi falli: i-lið.
- f. 4. og 5. másl. h-liðar orðast svo: Auðlegðarskattstofn vegna árána 2011, 2015, 2016, 2017, 2018 og 2019 skal endurreikna við álagningu opinberra gjalda 2013, 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021 með tilliti til viðbótareignar skv. c-lið. Sá mismunur sem myndast við þann endurreikning og er umfram viðmiðunarmörk 1. másl. skal skattlagður við álagningu opinberra gjalda 2013, 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021.
- g. Við ákvæðið bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Skatttekjur sem innheimtast á grundvelli þessa ákvæðis á árunum 2017 til 2021 skulu renna óskiptar til byggingarsjóðs Landspítala.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var lagt fram á síðasta þingi (169. mál) en náði ekki fram að ganga. Staða málsins er óbreytt hvað það varðar að fjármögnun nýbyggingar Landspítalans er enn ótrygg þótt þörfin fyrir slíka byggingu vaxi ár frá ári. Vísbindingar eru um að auðlegð hinna efnuðustu í íslensku samfélagi fari vaxandi og er frumvarpið lagt fram á nýjan leik með tilliti til framangreindra kringumstæðna. Er frumvarpið var fyrst lagt fram fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Ætla verður að þörfin fyrir endurnýjun húsakosts Landspítala sé óumdeild. Mikill undirbúningur hefur staðið yfir undanfarin ár og fyrir liggja fullbúnar áætlanir um nýbyggingar við Hringbraut í Reykjavík fyrir kjarnastarfsemi spítalans auk áforma um endurnýjun þess hluta núverandi húsakosts sem unnt verður að nota áfram. Miðað við núverandi stöðu mála virðist ljóst að framkvæmdir munu frestast nema gripið verði til sérstakra ráðstafana til að tryggja fjármögnun. Fordæmi eru fyrir því að ráðast í slíka sérstaka fjármögnun með mörkuðum tekjustofnum í þágu brýnna og mikilvægra samfélagslegra mála og má nefna Framkvæmdasjóð aldraðra í því sambandi.

Sameining Landspítalans á einn stað stuðlar ótvírætt að rekstrarhagræði. Hin mikilvæga starfsemi Landspítalans kallar á betri aðbúnað og nútímalegri vinnuáætlaður sem falla að þeim starfsháttum sem nú er beitt og eru slíkar endurbætur í raun nauðsynlegar til að tryggja starfsemina. Þær fela einnig í sér mikilvægt viðbrögð við þeim vanda sem við blasir þegar að því kemur að tryggja mönnum starfseminnar og keppa um hæft starfsfólk við aðrar heilbrigðisstofnanir sem betur eru settar með tilliti til húsakosts og búnaðar.

Auðlegðarskatturinn, sem hér er lagt til að verði framlengdur eða komið á að nýju, er settur fram í lítillaga breyttri mynd. Er það til að mæta þeirri gagnrýni sem færð hefur verið fram þess efnis að skatturinn hafi verið fullþyngjandi fyrir þá af greiðendum hans sem áttu stóran hluta þeirrar hreinu eignar sem myndaði skattstofninn í formi íbúðarhúsnæðis til eigin

nota. Viðkomandi skattgreiðendur hafi í sumum tilfellum haft takmarkaðar tekjur. Við þessu er nú brugðist með því að sett er inn sérstakt frímark vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota, 30.000.000 kr. í tilviki skattskylds einstaklings og 40.000.000 kr. í tilviki skattskyldra hjóna. Ætla má að stór hluti greiðenda auðlegðarskatts búi í skuldlausu eða skuldlitlu eigin húsnæði og muni því stór hluti greiðenda njóta góðs af þessu frímarki. En einkum mun þetta þó létta eða afnema með öllu greiðslur þeirra sem að uppistöðu til áttu eignir sínar bundnar í eigin húsnæði og höfðu litlar tekjur af öðrum eignum sínum. Lauslega áætlað gæti þessi breyting orðið til þess að lækka heildarupphæð skattsins um 1 milljarð kr. Eigi að síður má ætla að árlegar tekjur verði 9–9,5 milljarðar kr., eða á bilinu 45–50 milljarðar kr. yfir fimm ára tíma-bil. Það nemur svipaðri fjárhæð og byggingarkostnaður nýrrar meginbyggingar Landspítala, eins og hann er áætlaður.

Reynt hefur á lögmæti auðlegðarskattsins fyrir dómstólum sem úrskurðuðu hann lögmætan og er ekki ástæða til að ætla annað en þessi tímabundna og skýrt afmarkaða framlenging hans í þágu þess að leysa úr brýnni þörf þjóðarinnar fyrir nýjan Landspítala standist með sama hætti.“